

## Borgarráð

**Efni: Kjarasamningar við Félagsráðgjafafélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag sjúkráþjálfara, Iðjuþjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Þroskaþjálfafélag Íslands, Samiðn – samband iðnfélaga, Samband stjórnendafélaga og Verkfræðingafélag Íslands**

Kjarasamningar Reykjavíkurborgar við eftirtalin stéttarfélög runnu út 31. mars sl.:

### *ASÍ, aðildarfélög*

- Efling-stéttarfélag
- Samiðn, samband iðnfélaga
- Rafiðnaðarsamband Íslands

### *BSRB, aðildarfélög*

- Sameyki-stéttarfélag í almannajónustu
- Sjúkraliðafélag Íslands

### *BHM, aðildarfélög:*

- Félag íslenskra náttúrufræðinga
- Félagsráðgjafafélag Íslands
- Fræðagarður
- Iðjuþjálfafélags Íslands
- Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga
- Sálfræðingafélag Íslands
- Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga
- Stéttarfélag lögfræðinga
- Stéttarfélag sjúkráþjálfara
- Þroskaþjálfafélag Íslands

### *Utan bandalaga*

- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Stéttarfélag tölvunarfræðinga
- Stéttarfélag verkfræðinga
- Samband stjórnendafélaga

Samninganefnd Reykjavíkurborgar hefur undanfarið undirritað nýja kjarasamninga við eftirtalin stéttarfélög:

- Félag íslenskra náttúrufræðinga, undirritun 24. apríl 2023
- Félagsráðgjafafélag Íslands, undirritun 17. maí 2023
- Félag sjúkráþjálfara, undirritun 17. maí 2023
- Iðjuþjálfafélag Íslands, undirritun 17. maí 2023
- Sálfræðingafélag Íslands, undirritun 17. maí 2023
- Þroskaþjálfafélag Íslands, undirritun 17. maí 2023
- Verkfræðingafélag Íslands, undirritun 3. maí 2023
- Samiðn – samband iðnfélaga, undirritun 19. apríl 2023
- Samband stjórnendafélaga, undirritun 17. maí 2023

## 1. Meginefni nýrra kjarasamninga

Gildistími: 1. apríl 2023 – 31. mars 2024.

Samningarnir eru að meginefni til byggðir á niðurstöðu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þar sem horft er til þess að brúa bil yfir í nýjan langtímakjarasamning. Samningarnir eru skammtímasamningar og gilda frá 1. apríl sl. til 31 mars 2024.

Hluti samkomulags aðila er tímasett verkáætlun þar sem aðilar hafa sammælt um að viðræðum um önnur atriði en launalið er frestað og unnið verði markvisst samkvæmt áætluninni á samningstímanum. Þá er gildistíma fylgiskjala I og II um betri vinnutíma í dagvinnu og vaktavinnu framlengt út gildistíma samninganna með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi af verkefnum.

Breytingar á launafjárhæðum eru eftirfarandi:

- Laun í grunnþrepi hækka um að lágmarki kr. 35.000 og að hámarki kr. 66.000 frá 1. apríl 2023 skv. nánari útfærslu í launatöflu.
- Orlofsuppbót hækkar og verður á árinu 2023 kr. 56.000.
- Desemberuppbót hækkar og verður á árinu 2023 kr. 115.000.
- Önnur laun hækka um 5% frá 1. apríl 2023.

Þá komu samningsaðilar sér saman um að staðfesta tillögur sameiginlegs vinnuhóps fulltrúa opinbera launagreiðenda og opinberu bandalaganna að breytingum á hlutfalli vaktaálags á stórhátíðardögum og vaktahvata, sbr. viðauka 1 með samningunum.

## 2. Samantekt

Nýir kjarasamningar sem kynntir eru í minnisblaðinu, að viðbættum þeim kjarasamningum sem hafa þegar verið lagðir fyrir borgarráð, ná til ríflega 95% starfsmanna Reykjavíkurborgar sem voru með lausa samninga 31. mars 2023.

Kostnaðarmat kjarasamninganna er að finna í meðfylgjandi greinagerð sem er bundin trúnaði á meðan kjarasamningsviðræður og atkvæðagreiðslur félagsmanna um kjarasamninga eru yfirstandandi.

Niðurstöður samninganna byggja í meginatriðum á niðurstöðu þeirra samninga sem náðust á almennum vinnumarkaði. Þá eru niðurstöður samninganna einnig í samræmi við þær megináherslur sem samninganefnd Reykjavíkurborgar kynnti fyrir viðsemjendum sínum við upphaf viðræðna. Með nýjum kjarasamningum fylgja metnaðarfullar og tímasettar verkáætlanir sem mikilvægt er að unnið verði markvisst með á samningstímanum.

Það er mat samninganefndar Reykjavíkurborgar að nýir kjarasamningar séu ásættanleg niðurstaða fyrir Reykjavíkurborg.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar

### Hjálagt:

Nýr kjarasamningur Félagsráðgjafafélags Íslands, [MOS23050006]

Nýr kjarasamningur Félags íslenskra náttúrufræðinga, [MOS23040010]

Nýr kjarasamningur Félags sjúkráþjálfara [MOS23050007]



*Nýr kjarasamningur Iðjubjálfafélags Íslands [MOS23050008]*

*Nýr kjarasamningur Sálfræðingafélag Íslands [MOS23050009]*

*Nýr kjarasamningur Þroskaþjálfafélag Íslands [MOS23050010]*

*Nýr kjarasamningur Verkfræðingafélags Íslands, félags verk- og tæknifræðinga [MOS23050005]*

*Nýr kjarasamningur Samiðn [MOS23050001]*

*Nýr kjarasamningur Sambands stjórnendafélaga [MOS23060001]*